

## Umsögn um „Aðgerðaráætlun málstefnu Íslenska táknmáls“

Ég fagna því að aðgerðaráætlun, sem og þingsályktunartillögunni um málstefnu íslensks táknmáls sé nú senn að verða að veruleika.

Mér finnst stórt skref stigið og finnst þegar ég les að þetta sé of gott til að vera satt, þetta er framúrstefnulegt á allan máta og óska ég ráðuneytinu til hamingju með að geta tekið vel á þessu og gert þar með íslensku táknmáli hátt undir höfði. Táknmálsbörnum og táknmálsfólki gert mögulegt að eiga táknmálið með sanni að sínu máli og gert kleyft að njóta alls vafa með íslensku táknmálið.

Aðgerðaráætlunin tekur mið af því að hlúa vel að táknmálinu og draga það úr útrýmingarhættunni sem það er í. Mér finnst ekki nógu afgerandi gert í því að draga úr útrýmingarhættunni í kafla A og lið 8 sem hér segir:

„Útvarpsstjóri RÚV setji áætlun um efni á íslensku táknmáli í samráði við Málnefnd um íslenskt táknmál sem tryggir að á næstu þremur árum verði m.a. eftirfarandi efni aðgengilegt á íslensku táknmáli:

- a. barnaþættir og fréttaskýringaþættir ætlaðir börnum
- b. kvöldfréttir, fréttatengt efni og auka fréttatímar
- c. útvarpsþættir með fréttatengdu og sögulegu efni“

Mér finnst að það sé ekki nóg að setja „áætlun um efni á íslensku táknmáli“. Það verður líka að setja „UM ÍSLENSKT TÁKNMÁL“. Það ætti t.d. að vera stórt hlutverk RÚV menningarlega séð og þar sem miðilinn er sjónrænn að gera þætti **UM** íslensku táknmálið. Svona rétt eins og þættir hafa verið gerðir á borð við íslenskt mál eins og nefnt og samþykkt er í þingsályktunartillögu: [1061/111 þál. í heild: íslenskt mál í sjónvarpi | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#) Að RÚV geri fræðsluþætti um íslenskt mál, forsendur þessarar tillögu var að íslenskan var talin mögulega í útrýmingarhættu eða lítið kynnt.

Ef tónlist væri í útrýmingarhættu þá yrðu gerðir þættir um tónlist. Nú er íslenska táknmálið komið í útrýmingarhættu þá þarf að fræða, fjalla um, efla og gefa því sjálfsagt líf. Þannig sér táknmálsfólkið að vel sé verið að gera við málið sitt, það er verið að hlúa að því og táknmálsfólkið sjálft fræðist um táknmálið sitt á sama tíma og aðrir áhorfendur.

Afar mikilvægt er í þessu öllu að táknmálsfólk sjálft komi að gerð þáttanna og ætti aðgerðaráætlunin að setja ríkari skyldu á að táknmálsfólk sé ráðið til starfa hjá stofnunni. Táknmálsfólk er málfyrirmyndir.

Að öðru hérna sem ég vil koma á framfæri og finnst líka að mætti vera skýrara.

Það er í D kafla um jöfn tækifæri og í lið 7:

„Túlkun verði alltaf í boði og tryggt að túlkar séu tiltækir og hæfir til að túlka í öllum umdæmum/á öllum notkunarsviðum. Til þess þarf að setja stefnu í endurmenntun táknmálstúlka og sérhæfingu innan fagstéttarinnar í samvinnu hagsmunafélaga og stofnana sem koma að námi og störfum táknmálstúlka.“

Er hér tryggt að táknmálsfólk geti fengið táknmálstúlk sem það vill og valið hvert það snýr sér með táknmálstúlkapöntun sína hvort sem er til ríkisstofnunnar eða til táknmálstúlks sem starfar sjálfstætt? Getur heyrandi fjölskyldumeðlimur pantað táknmálstúlk og fengið greiddan af ríkissjóði.

Eins vil ég nota tækifærið hérna og spyrja hvort munur verður gerður á hver panti táknmálstúlkinn. Geta báðir aðilar hvort sem er táknmálsfólk eða heyrandi aðili sem t.d. hefur táknmálsfólk í vinnu og vill að þau fái táknmálstúlk. Fjármagnar ríkissjóður táknmálstúlk á vinnustað þar sem heyrandi yfirmaður hefur pantað ? Fjármagnar ríkissjóður táknnálstúlk hjá fyrirtæki í eigu táknnmálsfólks?

Þessi tvö atriði tel ég mikilvæg og snúast um jöfn tækifæri og vantar frekari útlistun er upplifun mín. Ég er hluti af táknmálsfólkinu.

Ég hef nú þegar greitt úr eiginvasa á árinu 2021 og 2022: kr. 32.000,- í sjálfstætt starfandi táknmálstúlk. Get ég fengið þessa upphæð endurgreidda?

Hvergi er að finna í aðgerðaráætlun né þingsályktunartillögunni styrk til að efla táknmálsleikhús eða aðra menningarlega viðburði/þátttöku sem er á forsendum táknmálsins. Mér finnst vanta skýrleika í að það sé tryggt. Líka að það tryggt sé að táknmál sé vel sjáanlegt á stórum viðburðum á vegum hins opinbera og sveitarfélaga eins og t.d. þjóðhátíðardeginum, menningardögum sveitarfélaganna og fleiri stórum viðburðum. Það vantar hvata fyrir táknmálssamfélagið að taka þátt í og skapa sína eigin leiklist, ljóðlist og veita sköpun sinni á forsendum táknmáls ákveðna áskorun.

Að þessu sögðu ef allt er rétt og hagar táknmálsfólks settur í forgang í aðgerðaráætlun í einu og öllu þá vil ég nota tækifærið að þakka fyrir mig, ég mun hlakka til að hafa táknmálið að fullu í mínu lífi ekki á hliðarlínunni með þröskuldum eins og hefur verið undanfarin ár eða allt frá þeim tíma sem mér var fyrst kennt táknmál af táknmálssamfélaginu sjálfu.

Virðingarfyllt

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir

8. júní 2022